



ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

**JARÐHITAKÖNNUN  
FYRIR BIFRÖST  
Í NORÐURÁRDAL,  
MÝRASÝSLU**

Haukur Jóhannesson  
Einar Gunnlaugsson

**OS79027/JHD11**  
Reykjavík, júní 1979

# **JARÐHITAKÖNNUN FYRIR BIFRÖST Í NORÐURÁRDAL, MÝRASÝSLU**

**Haukur Jóhannesson  
Einar Gunnlaugsson**

**OS79027/JHD11**

**Reykjavík, júní 1979**

EFNISYFIRLIT

	Bls.
ÁGRIP .....	3
1 INNGANGUR .....	4
2 JARÐFRÆÐI OG JARÐHITI .....	4
3 EFNAINNIGHALD VATNSINS .....	6
4 NIÐURSTÖÐUR .....	9

TÖFLUR

Tafla 1 Efnagreiningar á vatni frá Brekku í Norðurárdal og öðrum stöðum í næsta nágrenni .....	8
---	---

MYNDIR

Mynd 1 Jarðfræðikort af utanverðum Norðurárdal .....	10
--	----

**ÁGRIP**

---

Greinargerð um niðurstöður könnunar á jarðhitalíkum í nágrenni Samvinnuskólangs á Bifröst. Jarðlögin í Norðurárdal eru tertier að aldri og orðin þétt að útfellingum. Heitt vatn er helst að finna í göngum, misgengjum eða sprungum. Brotum á svæðinu má skipta í two hópa, norðvestlæg misgengi og sprungur og norðaustlæg misgengi. Yfirborðsjarðhiti,  $11-13^{\circ}\text{C}$ , er aðeins á einum stað í nágrenninu, við Brekku, og virðist tengdur norðvestlægu misgengi. Efnahitamælar gefa til kynna að fá megi allt að  $55^{\circ}\text{C}$  heitt vatn. Borun verður að skera úr um, hvort nægilegt vatnsmagn næst úr misgenginu. Búast má við að bora þurfi a.m.k. 1000 m djúpa holu til að ná nægilega heitu vatni. Ráðlegt gæti verið að bora fyrst um 300 m djúpa holu til að kanna hitaástand vatnskerfisins.

1 INNGANGUR

---

Að beiðni Hauks Ingibergssonar, skólastjóra Samvinnuskólans að Bifröst, hefur Jarðhitadeild gert úttekt á jarðhitalíkum í ná-grenni skólans. Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar.

2 JARÐFRÆÐI OG JARDHITI

---

lauslegt jarðfræðikort af utanverðum Norðurárdal er sýnt á mynd 1. Jarðlögin í Norðurárdal eru tertier að aldri og orðin pétt af útfellingum. Við slikar aðstæður er einna helst að finna heitt vatn í göngum, misgengjum eða sprungum. Einkum eru misgengi og sprungur sem hreyfst hafa nýlega á jarðfræðilegum tíma líklegt til að leiða heitt vatn. Um aldur jarðlaga í Norðurárdal skiptir í tvö horn. Neðan við svokölluð Hreðavatnssetlög er áætlaður aldur jarðlaganna um 10-13 milljónir ára en ofan þeirra um 6-7 milljónir ára. Jarðhiti í Borgarfirði er svo til eingöngu í berglögum yngri syrpunnar, en á örfáum stöðum í eldri berglögunum og þá tengd NV-SA misgengjum eða sprungum.

Svæðið er allmikið brotið og má skipa brotunum í two hópa. Annars vegar norðvestlæg misgengi og sprungur og hins vegar norðaustlæg misgengi.

Norðaustlægu misgengin eru að stofni til gömul og hverfa þau flest innundir Hreðavatnssetlögin og hafa ekki verið virk síðustu 7 milljón árin. Þar af leiðandi eru þau að öllum líkindum litt vatnsgeng. Austan við Norðurárdal ná þó nokkur norðaustlæg misgengi upp fyrir setlögin.

Norðvestlægu misgengin á þessu svæði eru mörgr hver mjög gömul og hverfa innundir Hreðavatnssetlögin, einkum sunnan til á svæðinu. Nokkur þessara brota hafa þó verið virk allt fram á nútíma. Brekku-misgengið, sem liggur frá Vikravatni, um Brekku og Karlsdal og austur

i Siðufjall, hefur hreyfst um 7 m síðan ísöld lauk (i Þverárhlið). Í jarðskjálftunum 1974 urðu smávægilegar hreyfingar á nokkrum misgengjum í Þverárhlið og samfara því urðu verulegar breytingar á þeim hverum sem tengdir eru misgengjunum.

Þannig háttar til í Borgarfirði að jarðhitinn er einkum tengdur ofannefndum fyrirbrigðum. Austan til í Borgarfirði virðist jarðhitinn einkum vera tengdur norðaustlægum göngum og misgengjum, en er vestar dregur er hann tengdur norðvestlægum sprungum og misgengjum, t.d. við Varmaland, Einifell og Helgavatn. Í Norðurárdal má því búast við, að jarðhitinn sé tengdur þessum norðvestlægu brotum.

Jarðhiti finnst aðeins á einum stað i Norðurárdal nærri Bifröst, við Brekku um 2,5 km norðan Bifrastar. Volgt vatn, um 11-13°C, kemur þar upp í hraunbolla skammt norðan við útihúsin. Þar hefur verið grafinn um 2 m djúpur brunnur, en rennsli virðist ekki vera ýkja mikið. Snjófestir seint eða ekki á allnokkru svæði umhverfis brunninn. Volgran við Brekku kemur upp við Brekkumisgengið og er líklega tengd því. Á þessu sama misgengi kemur upp volgt vatn við Karlsbrekku (21°C) og Högnastaði (20-21°C), í Þverárhlið og við Ásbjarnarstaði (33°C) í Stafholtstungum.

Annað norðvestlægt misgengi liggur rétt norðan við skólann og liggja Grábrókargígarnir á því. Ekki er vitað um jarðhita tengdan því. Í Þverárhlið er jarðhiti á nokkrum stöðum við norðvestlæg brot, t.d. á Helgavatni og Guðnabakka einnig niður með Norðurá, t.d. við Varmaland og Einifell. Þótt jarðhiti komi upp með norðvestlægum misgengjum á þessum slóðum er ekki þar með sagt að heitt vatn sé í þeim öllum.

Flest norðvestlægu misgengin eru nær hornrétt á strik jarðlaga og má gera ráð fyrir að þau séu nær lóðrétt. Því getur reynst erfitt að skera þau með borun.

### 3 EFNAINNIGHALD VATNSINS

Í söfnunarferð um Borgarfjörð í apríl 1979 var tekið sýni til efnagreiningar af volgu vatni frá Brekku í Norðurárdal. Niðurstöður þessarar efnagreiningar, svo og eldri efnagreining frá 1959, eru birtar í töflu 1. Í þessari töflu eru jafnframt, til samanburðar, birtar efnagreiningar á heitu vatni frá Einifelli, Laugum við Norðurá og Karlsbrekku.

Eins og sést af töflunni er vatnið frá Brekku að mórgu leyti svipað vatninu frá Karlsbrekku, en það stafar líklega af svipuðu hitaástandi. Klórmagn er heldur lægra í vatninu frá Brekku en frá Karlsbrekku, en fjarlægð frá sjó og hæð yfir sjávarmál hafa áhrif á klórmagnið. Kol-sýrumagn ( $\text{CO}_2$ ) er nokkuð hærra en í laugum í næsta nágrenni, en mikið magn kolsýru samfara tiltölulega háu magni kalsiums (Ca) getur leitt til útfellingar á kalki. Útreikningar á kalkmettunarástandi vatnsins frá Brekku sýna, að það er mettað af kalki eins og flest jarðhitavtn hérlendis. Reynslan sýnir að jarðhitavtn þarf að vera þó nokkuð yfirmedtað af kalki til að það fari að falla út og ætti því ekki að vera ástæða til að óttast slikt við Brekku.

Sum önnur efni eins og kísill ( $\text{SiO}_2$ ), natrium (Na), kalíum (K) og kalsíum (Ca) breytast með hitastigi, og getur magn þessara efna í vatni sagt til um við hvaða hitastig vatnið er í jafnvægi. Magn kísils í vatni stjórnast af uppleysanleika kísilsteinanna kalsedons og kvars. Uppleysanleiki þeirra breytist með hitastigi. Jafnvægi við kalsedon er ríkjandi ef hitinn er undir  $170^{\circ}\text{C}$  en við kvars við hærri hitastig. Alkalihitinn stjórnast aftur á móti af jónaskiptajafnvægjum milli alkalímálma (Na,K,Ca) í vatni og bergi. Um þessi jónaskiptajafnvægi er tiltölulega lítið vitað. Samband alkalímálmannanna í vatni við hitastig hefur verið fundið út frá þekktum hitastigsgildum. Vegna þessa eru upplýsingar sem alkalihitamælirinn gefur takmarkaðri en þær sem fást með kísilhitamælinum. Breytingar á jafnvægi natrium- og kalífeldspata er þekkt með hitastigi. Þetta jafnvægi er því hægt að nota sem hitamæli, ef gert er ráð fyrir að magn natriums og kalsiums stjórnist af þessu jafnvægi.

í neðri hluta töflu í eru gefin upp útreiknuð gildi fyrir helstu efnahitamælana. Í ljós kemur að kalsedonhiti gefur um  $52^{\circ}\text{C}$  hita fyrir Brekku. Alkalihitamælar gefa aftur á móti mun lægri gildi. Jafnvægi milli Na-feldspata og K-feldspata spáir hita sem er um  $53^{\circ}\text{C}$ . Þegar sýnið var tekið í apríl rann nokkuð leysingavatn saman við uppsprettuvatnið. Merki þess eru þó ekki sýnileg í efnagreiningunni. Þó gæti verið um einhverja þynningu að ræða, en slikt hefur áhrif á efnahitamælana. Efnahitamælnir gætu þá sýnt eitthvað lægra hitastig en það sem vatnið er í jafnvægi við í djúpkerfinu. Eins og áður segir sjást ekki áhrif grunnvatns á efnasamsetningunni og er því óráðlegt að búast við mikið hærri hita en efnahitamælar sýna.

Tafla 1

Efnagreiningar á vatni frá Brekku í Norðurárdal  
og órum stöðum í næsta nágrenni.

Staður	Brekka Norðurárdal	Einifellshver	Laugar við Norðurá	Karlsbrekka
dagsetning	1959.06.18	1979.04.18	1978.08.03	1978.08.03
nr. sýnis	253	790043	780043	780044
hití °C	14.5	11	73	64
pH/°C	8.35/	9.19/22	9.50/21	9.54/21
Ωm/°C	45.96/	58.8/22	24.0/	26.0/
SiO <sub>2</sub>	32.5	36.5	102.0	96.0
Na		44.4	76.0	71.0
K		0.4	1.6	1.3
Ca		2.43	5.0	4.5
Mg		0.33	0.02	0.00
CO <sub>2</sub> (total)		58.8	14.6	12.8
SO <sub>4</sub>	9.2	4.8	56.1	53.2
H <sub>2</sub> S (total)		0.14	0.51	0.34
Cl	13.1	10.4	63.6	47.8
F	0.2	0.24	1.9	1.9
Uppl. efni	154.0	138.7	353.0	275
				88.4

Efnahitamælar					
Kalsedonhití	49	52	104	100	33
Na-K-Ca-hiti		36	107	101	15
Na-K (W&E)		22	64	44	19
Na-K (F&T)		10	53	55	7
Na-K feldspat jafnvægi		53	87	80	50.0

#### 4 NIÐURSTÖÐUR

Yfirborðsjarðhiti er aðeins á einum stað í nágrenni Bifrastar, við Brekku en þar mælist 11-13°C hiti. Rennsli er aftur á móti lítið. Brekka er í um 2,5 km fjarlægð frá skólanum. Jarðhitinn virðist vera tengdur norðvestlægu misgengi, Brekkumisgengingu.

Efnahitamælar gefa til kynna að fá megi allt að 55°C heitt vatn, en reynslan hefur sýnt að efnahitamælar gefa yfirleitt lágmarks-gildi.

Borun verður að skera úr um hvort nægilegt vatnsmagn næst úr misgenginu. Borhola verður að skera misgengið í töluverðu dýpi til að ná vatninu nægilega heitu, en það getur verið erfiðleikum háð þar sem misgengið er liklega nær lóðrétt. Borholan yrði liklega nærri volgrunni og má búast við að þurfi að bora a.m.k. 1000 m djúpa holu. Þó gæti verið ráðlegt að bora fyrst um 300 m djúpa holu til að kanna hitaástand vatnskerfisins. Slik hola er mun ódýrarí en 1000 m hola en ekki er víst að hún nýtist til vatnsvinnslu, þó kæmi til greina að dýpka hana síðar. Enn meiri áhætta fylgir borun í misgengi það, sem liggur skammt norðan skólans, þar sem ekki er vitað til að heitt vatn komi upp með því.

Einnig hefur verið rætt um að leiða vatn frá Einifellshver, en það er bæði of langt og þar að auki þarf að dæla vatninu um 60-70 m upp í móti.



ORKUSTOFNUN

Jarðfræðikort af utanverðum  
Norðurárdal Mýrasýslu

'79.06.20

HJ/AÁ

Mýr.

FI8519

Mynd 1

SKÝRINGAR

Framhlauп

Nútímahraun

Áreyrar

Hreðavatns-setlögin

Misgengi

Gíger

Jarðhiti

Bær

0 1 2 km

